

**AUGLÝSING**  
**um breytingu á aðalskipulagi Skaftárhrepps 2002-2014,**  
**virkJun við Hnútu í landi Dalshöfða.**

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 12. febrúar 2009 staðfest breytingu á aðalskipulagi Skaftárhrepps 2002-2014 frá 26. mars 2003.

Breytingin felst í því að 2,5 MW virkjun við Hnútu í landi Dalshöfða, Skaftárhreppi, stækkar í 15 MW rennslisvirkjun. Jarðstrengur frá virkjuninni að tengivirki breytist úr 11 kV í 66 kV jarðstreng.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 12. febrúar 2009.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

---

*Logi Kjartansson.*